

HREYFING LEIKSKÓLABARNA

STEINARÞEMA



Aldur: 2-4 ára.

Áherslupáttur: Jafnvægi, samhæfing og sköpun.

Efniviður: Smásteinar - ekki mikið stærri en hnefi barnanna og fötur.

Kennslufræðilegar leiðbeiningar: Hér er unnið með samvinnu, samskipti og ímyndunarafl.

Þjálfar jafnvægi, samhæfingu augna og handa.

Tími



Hvað?

Hvernig?

Hvers vegna?

Upphitun - 5 mín

Leikur: Steinaleikur

Börnin eru vinnumenn og hjálpast að við að fylla nokkrar fötur af steinum. Gaman að taka tíma hvað þau eru fljót að því í sameiningu. Síðan finnur hvert barn sér tvo svipað stóra steina sem það notar sjálf.

Einfaldur leikur með einföldum fyrirmælum en eflir samvinnu og félagsþroska barnanna. Hvetja barnið til að finna sína tvo steina og hafa þá svipað stóra af lögun, þyngd og stærð.

Ímyndunarleikurinn fær að njóta sín í þessum leik enda vinnumenn að störfum. Í svona leik má oft sjá leiðtogaþæfileika og á móti virkja þá sem eru til baka í leiknum. Unnið með form og þyngd og sjónskyn barnsins við val á stein. Eflir samvinnu.

Færniæfingar - 20 mín

Æfingar með smásteinum

- Halda um stein á höfðinu með báðum höndum og ganga frjálst um
 - hneigja sig þegar maður mætir öðru barni.
 - heilsa með handabandi
 - teygja hendur hátt upp í loft og ganga frjálst um – ekki missa hendur niður
- Halda steini fyrir ofan höfuð – halda fyrir ofan allan tímann
 - setjast niður og standa upp
 - leggjast á bakið, kvið
 - rúlla sér einn hring liggjandi
 - standa á tám
- Setja stein á höfuð ganga um og passa að steinninn detti ekki
 - halla sér fram
 - aftur á bak
 - setjast niður
 - leggjast á bak/kvið
- Klemma stein á milli fóta og ganga um.

Gott að hefja fyrirmæli með „getið þið“ það hvetur börnin meira áfram og æfingarnar verða frekar þeirra hugmyndir. Á þann máta fara þau sjálf að koma með tillögur af æfingum og túlka sjálf. Lögun steinanna og áferð örvar snertiskyn og sjónskyn.

Steinar bjóða upp á endalausa möguleika til hreyfingar. Æfingar og þrautir með steinum reyna á allan líkamann og örva á margan hátt skynþroska, svo sem snerti- og stöðuskyn, sjónskyn og rúmskyn. Markvisst er unnið með jafnvægi, samspil augna og handa með sjónúrvinnslunni og samhæfingu barnsins. Það örvar samhæfingu að hafa hendur fyrir ofan höfuð og eiga að gera x æfingu á sama tíma. Með því að láta barnið framkvæma einhverja æfingu nokkrum sinnum er verið að vinna með þol þó svo að um stöðuæfingu sé að ræða.

Færni til framtíðar



Niðurlag - 5 mín

Leikur: Steinaldarmenn

Frjáls leikur með steinana í fötunum. Byrja á að fá börnin til að útbúa t.d. stafinn sinn, hús, hring eða annað skemmtilegt.

Fá börnin til að útbúa eitthvað og giska hvert hjá öðru hvað þau eru að forma.

Vinna með vitsmunapröskann og íslenskt mál í tengslum við hugmyndaflug barnanna.